

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 36/2006**

**frá 27. apríl 2007**

**um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2006 frá 22. september 2006 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/329/EB frá 20. febrúar 2006 um spurningalista sem nota skal við skýrslugjöf um framkvæmd tilskipunar 2000/76/EB um brennslu úrgangs <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 32fc (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/369/EC) í XX. viðauka við samninginn:

„32fd. **32006 D 0329:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/329/EB frá 20. febrúar 2006 um spurningalista sem nota skal við skýrslugjöf um framkvæmd tilskipunar 2000/76/EB um brennslu úrgangs (Stjtið. ESB L 121, 6.5.2006, bls. 38).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2006/329/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. apríl 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 333, 30.11.2006, bls. 55, og EES-viðbæti nr. 60, 30.11.2006, bls. 41.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 121, 6.5.2006, bls. 38.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 27. apríl 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

*A. Scatter*

formaður.